

Með brot gegn ofantöldum reglugerðum skal farið samkvæmt 25. og 26. gr. laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

4. gr.

Auglýsing þessi er birt samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir ásamt síðari breytingum, og 1. gr. laga nr. 51/1993 um breytingu á lögum nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni. Auglýsingin öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 619 frá 16. september 1999.

*Umhverfisráðuneytinu, 15. desember 2000.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Ingimar Sigurðsson.*

## REGLUGERÐ

**um hlut Vinnueftirlits ríkisins í tryggingagjaldi launagreiðenda á árinu 2001.**

1. gr.

Vinnueftirlit ríkisins fær á árinu 2001 í sinn hlut til að standa straum af kostnaði vegna framkvæmdar laga nr. 46/1980 0,048% af gjaldstofni tryggingagjalds, sem er allar tegundir launa eða þóknunar fyrir starf, hverju nafni sem nefnist, sem skattskilyrt er skv. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981.

2. gr.

Reglugerð þessi sem er sett samkvæmt 1. tölul. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 113/1990 öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 60/1991, um hlut Vinnueftirlits ríkisins í tryggingagjaldi launagreiðenda, með síðari breytingum.

*Félagsmálaráðuneytinu, 21. desember 2000.*

**Páll Pétursson.**

*Elín Blöndal.*

## AUGLÝSING

**um gildistöku nýs deiliskipulags fyrir hafnarsvæði á Grundartanga í Hvalfjarðarstrandarhreppi og Skilmannahreppi í Borgarfjarðarsýslu.**

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hafa sveitarstjórnir Hvalfjarðarstrandarhrepps og Skilmannahrepps í Borgarfjarðarsýslu þann 22. desember samþykkt deiliskipulag hafnarsvæðisins á Grundartanga í Borgarfjarðarsýslu. Nýtt deiliskipulag tekur yfir áður samþykkt deiliskipulag frá 20. ágúst 1997. Helstu breytingar frá fyrra skipulagi eru eftirfarandi: Nákvæm skilgreining á lóðum hafnarsvæðisins ásamt byggingarreitum þar með talin lóð fyrir sjóðælistöð Norðuráls hf. Uppdráttur með greinargerð hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi áður samþykkt deiliskipulag fyrir hafnarsvæðið frá 20. ágúst 1997.

22. desember 2000.

**Jón Valgarðsson,**  
oddviti Hvalfjarðarstrandarhrepps.

**Jón Þór Guðmundsson,**  
oddviti Skilmannahrepps.

21. desember 2000

Nr. 943

## REGLUGERÐ

### um ábyrgðargjald atvinnurekenda árið 2001.

1. gr.

Ábyrgðargjald atvinnurekenda vegna ábyrgðarsjóðs launa vegna gjaldþrota skal árið 2001 vera 0,4% af gjaldstofni, sbr. 6. gr. laga um tryggingagjald nr. 113/1990, með síðari breytingum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett skv. 2. mgr. 3. gr. laga um ábyrgðarsjóð launa vegna gjaldþrota nr. 53/1993, öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 21. desember 2000.*

**Páll Pétursson.**

*Elín Blöndal.*

19. desember 2000

Nr. 944

## REGLUGERÐ

### um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga.

I. KAFLI

**Bókhald og áætlanagerð.**

1. gr.

*Skilgreiningar.*

*Rekstrareining:* Bókhaldslega aðskilinn starfsemisspáttur í sveitarfélagi, hvort sem um er að ræða fjárhagslega sjálfstæða einingu eða ekki.

*Þjónustueining:* Rekstrareining sem að hluta eða að öllu leyti er fjármögnuð með þjónustugjöldum.

*Stofnanir sveitarfélaga:* Rekstrareiningar sem að öllu jöfnu falla undir A-lið 13. gr. reglugerðar þessarar.

*Fyrirtæki sveitarfélaga:* Fjárhagslega sjálfstæðar rekstrareiningar sem falla undir B-lið 13. gr. reglugerðar þessarar.

2. gr.

*Bókhald sveitarfélaga.*

Sveitarfélög, þ.e. sveitarsjóðir, stofnanir sveitarfélaga og fyrirtæki þeirra, skulu haga bókhaldi sínu á skýran og aðgengilegan hátt. Að svo miklu leyti sem ekki er sérstaklega